

## Takmörkuð Ábyrgð

Research In Motion Limited (“RIM”), framleiðandinn, og fyrir tilstilli dótturfélags síns, Research In Motion UK Limited, sem er með skráða skrifstofu í Centrum House, 36 Station Road, Egham, Surrey, Bretlandi, TW20 9LF, veitandi BlackBerry Lausnarinnar, sem samanstendur af BlackBerry Handtækinu (sem, ásamt BlackBerry Vöggunni mynda BlackBerry Vélbúnaðinn), BlackBerry Skjáborðshugbúnaðinum og tengdri, þráðlausri upplýsingaþjónustu og skjölun, ábyrgjast gagnvart ÞÉR, notandanum (“ÞÉR”), að BlackBerry Vélbúnaðurinn verði laus við galla í handverki og efni um tímabil sem lýkur einu (1) ári frá þeirri dagsetningu þegar BlackBerry Vélbúnaðurinn var fyrst keyptur af ÞÉR sem upphaflegum notanda (“Ábyrgðartímabilið”). Þessi Takmarkaða Ábyrgð er ekki framseljanleg. Á meðan Ábyrgðartímabilinu stendur mun fara fram viðgerð eða ný afhending á einum eða fleiri íhlutum BlackBerry Vélbúnaðarins, samkvæmt ákvörðun RIM, án þess að greiðsla komi fyrir varahluti eða vinnu. Ef gert er við BlackBerry Vélbúnaðinn (eða íhluti hans), eða ný afhending fer fram, skal Ábyrgðartímabilið renna út á síðari af tveimur dagsetningum, það er 91 degi frá viðgerð eða nýrri afhendingu, eða þegar eitt ár er liðið frá dagsetningu upphaflegra kaupa. **Leiðbeiningar um hvernig á að fá viðskiptamannaþjónustu fyrir BlackBerry Vélbúnaðinn ÞINN er að finna í BlackBerry Notendabæklingnum ÞÍNUM sem fylgdi Blackberry Handtækinu ÞÍNU.**

Þessi Takmarkaða Ábyrgð nær ekki til venjulegs slits eða ef einhverjir íhlutir BlackBerry Vélbúnaðarins eru opnaðir eða við þá gert af einhverjum sem ekki hefur leyfi til þess frá RIM. Þá veitir ábyrgðin ekki rétt á viðgerðum eða nýrri afhendingu ef BlackBerry Vélbúnaðurinn er skemmdur með slæmri meðferð, vegna raka eða vökva, nálægðar eða skjólleysi gagnvart hita, vegna slyss, misnotkunar, vanrækslu, eða galla sem stafa af viðgerðum eða breytingum annarra en RIM og þjónustufulltrúum RIM sem hafa leyfi frá RIM. Þessi Takmarkaða Ábyrgð nær ekki til tjóns á yfirborði BlackBerry Vélbúnaðarins, þ.m.t. sprungna eða rispa á LCD-skjánum. Þessi Takmarkaða Ábyrgð nær hvorki til annars búnaðar en BlackBerry Vélbúnaðarins, eins og hann er skilgreindur í þessari Takmörkuðu Ábyrgð, né til nokkurs tjóns af völdum jaðarbúnaðar. Þessi Takmarkaða Ábyrgð nær ekki heldur til bilana sem stafa af notkun BlackBerry Vélbúnaðarins saman með aukahlutum, vörum, þjónustu eða auka- eða jaðarbúnaði sem hefur ekki verið gagngert samþykktur eða útvegaður er af RIM, í þeim tilfellum þegar RIM ákvarðar að bilunin sé ekki af völdum BlackBerry Vélbúnaðarins sjálfs. Að auki gildir að ef bilunin leiðir af því að notandinn hefur ekki fylgt Öryggisleiðbeiningunum, sem er að finna í pakkningum BlackBerry Lausnarinnar, sem samanstendur af BlackBerry Vélbúnaðinum, Blackberry Skjáborðshugbúnaðinum og tengdri, þráðlausri upplýsingaþjónustu og skjölun (“BlackBerry Lausnin”), getur Takmarkaða Ábyrgðin talist ógild. Ef hún telst ekki ógild, skal hún ekki teljast eiga við. Taka öryggisafrita af gögnum er á ábyrgð notanda BlackBerry Vélbúnaðarins. RIM ber aldrei ábyrgð á gögnum sem skemmast eða tapast, að meðtöldum, en án takmarkana, gögnum sem skemmast eða tapast á meðan verið er að þjónusta BlackBerry Vélbúnaðinum, eða við not á samstillingarhugbúnaði. RIM getur ekki ábyrgst eða tryggt að þráðlaus gagnþjónusta, að því marki sem hún er veitt sem hluti af BlackBerry Lausninni og í gegnum RIM eða endursöluaðila RIM af þriðja aðila eða í gegnum rekanda fjarsímaþjónustu, muni alltaf vera til staðar eða virka sem skyldi. Hafðu samband við rekanda farsímaþjónustunnar til að athuga hvaða ábyrgðir og þjónusta þeir bjóða upp á í tengslum við BlackBerry Lausnina. Af þessari ástæðu og öðrum, ættir þú ekki að treysta á BlackBerry Lausnina til að senda upplýsingar um neyðartilfelli eða þegar lífum er hætt komið, eða þegar um er að ræða aðstæður þar sem verkefnum er hætt komið. RIM, bæði fyrir sína hönd og endursöluaðila sinna, hafnar allri ábyrgð á atvikum eða tjóni sem leiðir af því að treyst er á þjónustuna með þessum hætti eða af því að þráðlaus gagnþjónusta virkar ekki eða er ekki tiltæk vegna notkunar ÞINNAR á BlackBerry Lausninni, þ.m.t., en ekki takmarkað við, vegna þess að þjónustan er ekki til staðar á því svæði þar sem þú vilt að nota BlackBerry Lausnina.

**AD SVO MIKLU LEYTI SEM HEIMILT ER LÖGUM SAMKVÆMT, SKULU ÁKVÆÐI LAGA UM NEYTENDAKAUP NR. 48/2003 (“NEYTENDAKAUPALÖGIN”) EINUNGIS EIGA VIÐ UM GALLA Á VÖRU EINS OG KVEÐIÐ ER Á UM Í NEYTENDAKAUPALÖGUNUM, EN EKKI UM AÐRA ÞÆTTI BLACKBERRY LAUSNARINNAR EÐA AÐRA GALLA EÐA VANEFNDIR RIM Á ÞVÍ AÐ EFNA SKYLDUR SÍNAR SAMKVÆMT ÞESSARI TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐ.**

VIÐGERÐIR EÐA NÝ AFHENDING Á BLACKBERRY VÉLBÚNAÐINUM EÐA ÍHLUTUM HANS, ERU EINU ÚRRÆÐIN SEM VEITT ERU Í TENGLUM VIÐ KAUP OG NOTKUN Á BLACKBERRY LAUSNINI. RIM, FYRIR EIGIN HÖND OG DREIFENDA SINNA, ENDURSÖLUAÐILA BLACKBERRY LAUSNARINNAR, SEM OG FYRIR HÖND HVERS ÞESS FYRIRTÆKIS SEM LÝTUR STJÓRN, EÐA HEYRIR UNDIR SÖMU STJÓRN OG RIM EÐA DÓTTURFÉLAG RIM (SEM SAMEIGINLEGA NEFNAST “RIM FYRIRTÆKJAHÓPURINN” OG HVERT Í SÍNU LAGI “FYRIRTÆKI RIM HÓPSINS”) HAFNA HÉR MEÐ ALLRI ANNARRI ÁBYRGÐ, SKILMÁLUM, FORSENDUM EÐA TRYGGINGUM AF HVAÐA TAGI SEM ER, HVORT SEM VEITT VÆRI BERUM ORÐUM EÐA GEFIN Í SKYN, ÞAR MEÐ TALIÐ, EN EKKI TAKMARKAÐ VIÐ, ÁBYRGÐ Á ENDURSELJANLEIKA, ÁSÆTTANLEGUM GÆÐUM OG/EÐA HVORT VARAN EÐA ÞJÓNUSTAN FULLNÆGIR ÞÖRFUM NOTENDA. ÞESSI TAKMARKAÐA ÁBYRGÐ VÍKUR EKKI ÞEIM RÉTTI SEM ÞÚ NÝTUR SAMKVÆMT ÓFRÁVÍKJANLEGUM LÖGUM. NEYTENDAKAUPALÖGIN VEITA ÞÉR UMTALSVERÐ RÉTTINDI, AÐ ÞVÍ TILSKILDU AÐ ÞÚ SÉRT “NEYTANDI” Í SKILNINGI LAGANNA. ÁKVÆÐI ÞESSARAR TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐAR TAKMARKA EKKI AÐ NOKKRU LEYTI ÞANN RÉTT SEM ÞÚ NÝTUR SAMKVÆMT NEYTENDAKAUPALÖGUM EÐA ÖÐRUM LÖGUM, AÐ ÞVÍ MARKI SEM ÞEIM LÖGUM VERÐUR EKKI VIKIÐ MEÐ SAMNINGI.

RIM EÐA FYRIRTÆKI RIM HÓPSINS SKULU EKKI UNDIR NOKKRUM KRINGUMSTÆÐUM TELJAST ÁBYRG FYRIR NOKKRU ÓBEINU, TILFALLANDI, SÉRSTÖKU EÐA AFLEIDDU TAPI EÐA TJÓNI (ÞAR MEÐ TALIÐ, EN EKKI TAKMARKAÐ VIÐ, TJÓN VEGNA TAPAÐS HAGNAÐAR, VIÐSKIPTATRUFLUNAR, TAPAÐRA VIÐSKIPTAUPPLÝSINGA EÐA ANNAÐ FJÁRHAGSTJÓN) AF VÖLDUM NOTKUNAR EÐA SKORTI Á MÖGULEIKA Á AÐ NOTA HUGBÚNAÐINN, JAFNVEL ÞÓTT RIM OG/EÐA FYRIRTÆKI RIM HÓPSINS HAFI FENGIÐ TILKYNNINGU UM MÖGULEIKA Á SLÍKU TJÓNI. ÞESSARI TAKMÖRKUN ER ÆTLAÐ AÐ GILDA, OG GILDIR ÁN TILLITS TIL ÞESS HVORT FARIÐ ER FRAM Á SLÍKAR BÆTUR, EÐA STEFNT ER FYRIR SLÍKUM BÓTUM VEGNA TJÓNS INNAN EÐA UTAN SAMNINGA EÐA Á GRUNDEVELLI ÞESSARAR TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐAR, EÐA Á GRUNDEVELLI ANNARRA LAGA EÐA LEIÐ TIL LÖGSÓKNAR, NEMA Í TENGLUM VIÐ BÓTASKYLDU VEGNA ANDLÁTS EÐA LÍKAMSTJÓNS, SEM EKKI ER TAKMARKAÐ Á NOKKURN HÁTT. BÓTASKYLDA RIM, FYRIRTÆKJA RIM HÓPSINS OG DREIFINGARAÐILA EÐA ENDURSÖLUAÐILA (SEM NJÓTA LEYFIS SEM SLÍKIR) BLACKBERRY LAUSNARINNAR GAGNVART ÞÉR VEGNA TAPS EÐA TJÓNS UNDIR ÞESSUM SAMNINGI SKAL SAMTALS EKKI NEMA HÆRRI FJÁRHÆÐ EN KOSTNAÐINUM VIÐ NÝJA AFHENDINGU Á BLACKBERRY VÉLBÚNAÐINUM. Ekkert í þessum samningi skal skilið svo að það útiloki eða reyni að útiloka eða takmarka á nokkurn hátt ábyrgð vegna andláts eða líkamstjóns að því marki sem slíkt tjón er bein afleiðing af gáleysi RIM, starfsmanna þess eða umboðsmanna.

ÞESSI TAKMARKAÐA ÁBYRGÐ, AÐ ÞVÍ ER VARÐAR BLACKBERRY NETÞJÓNSHUGBÚNAÐINN FYRIR FYRIRTÆKI, SKJÁBORÐSHUGBÚNAÐINN, ALLA SKJÖLUN OG FASTBÚNAÐ SEM ER Í BLACKBERRY VÉLBÚNAÐINUM, ER SETT FRAM SÉRSTAKLEGA Í HUGBÚNAÐARLEYFISSAMNINGUM SEM AFHENTIR ERU ÞÉR SÉRSTAKLEGA. TAKMÖRKUÐU ÁBYRGÐ FYRIR BLACKBERRY AUKABÚNAÐ SEM PANTAÐUR ER SÉRSTAKLEGA ER EINNIG SETT FRAM Í AÐSKILINNI TAKMARKAÐRI ÁBYRGÐ SEM FYLGIR SLÍKUM BÚNAÐI.

Ef lög krefjast þess að þessi Samningur sé þýddur á annað tungumál, skal enska útgáfan ganga framar ef einhverjir árekstrar eða misræmi eru á milli ensku útgáfunnar og þýðingarinnar.

Þessi Takmarkaða Ábyrgð lýtur og skal túlkuð í samræmi við ensk lög að undanskildum lagabálkum um lagaskil. Aðilar samþykkja að samningur Sameinuðu þjóðanna um alþjóðleg lausafjárkaup sé undanskilin að öllu leyti við beitingu þessarar takmörkuðu ábyrgðar. Öll ágreiningsmál og deilur sem rísa út af eða í tengslum við þessa Takmörkuðu Ábyrgð skulu vera leyst fyrir gerðardómi. Ákvörðun gerðardómara skal vera

endanleg og bindandi fyrir aðilana (nema um sé að ræða augljósa yfirsjón). Ákvörðun gerðardómara skal vera skrifleg og rökstudd. Ákvörðun gerðardómara skal tiltaka að kostnaður við gerðardómsmeðferð sé greiddur af aðilum í þeim hlutföllum sem gerðardómari telur viðeigandi. Að því marki sem slíkt er ekki bannað lögum samkvæmt í ÞÍNU landi, skal eftirfarandi gilda um gerðardóminn: (i) hann skal fara fram í London, Englandi; (ii) gerðardómsmeðferðin skal fara fram samkvæmt enskum lögum; (iii) gerðardómsmeðferðin skal fara fram á ensku; (iv) útkljáð skal samkvæmt Gerðardómsreglum Alþjóðaverslunarráðsins (“Reglurnar”); og (v) flytja skal málið fyrir einum gerðardómara skipuðum í samræmi við þær Reglur og skulu aðilar samþykkja skipunina innan 30 daga frá því hún fór fram. Ef aðilar samþykkja ekki tilnefndan gerðardómara skal hann tilnefndur af þeim Forseta Breska tölvufélagsins sem er í embætti á þeim tíma þegar óskað er eftir gerðardómsmeðferð (eða Forseta stofnunar sem tekið hefur við hlutverki Breska tölvufélagsins), samkvæmt beiðni annars hvors aðilans. Ef ákvæði tveggja síðustu setninganna hér á undan eru andstæð lögum í ÞÍNU landi skal gerðardómurinn: (i) vera haldinn í Reykjavík, Íslandi; (ii) gerðardómsmeðferðin skal fara fram á ensku; (iii) útkljáð skal samkvæmt lögum um sanningsbundna gerðardóma nr. 53/1989 (“lög um sanningsbundna gerðardóma”); og (iv) flytja skal málið fyrir einum gerðardómara sem skal skipaður skal í samræmi við lög um sanningsbundna gerðardóma og skulu aðilar samþykkja skipunina innan 30 daga frá því hún fór fram. Ef aðilar samþykkja ekki tilnefndan gerðardómara skal hann skipaður af Héraðsdómi Reykjavíkur. Ákvæði þessarar málsgreinar skulu talin jafngilda samningi um að leggja mál fyrir gerðardóm á milli ÞÍN og RIM í skilningi laga um sanningsbundna gerðardóma.

© 2005 Research In Motion Limited. Öll réttindi áskilin. Öll BlackBerry og RIM merki, ímyndir og tákn eru einkaeign Research In Motion Limited. RIM, Research In Motion, ‘Always On, Always Connected’, “umslag á hreyfingu” táknid og BlackBerry merkið eru skráð hjá bandarísku Einkaleyfa- og vörumerkja skrifstofunni og geta verið skráð í öðrum löndum eða skráning þeirra verið yfirvofandi. Allar aðrar vörutegundir, vöruheiti, fyrirtækjaheiti, vörumerki og þjónustumerki eru eign þeirra viðeigandi eiganda. Handtækið og/eða tengdur hugbúnaður er verndaður af höfundarétti, alþjóðasamningum og hinum ýmsu einkaleyfum, þar á meðal af einu eða fleiri eftirfarandi bandarísku einkaleyfum: 6,278,442; 6,271,605; 6,219,694; 6,075,470; 6,073,318; D,445,428; D,433,460; D,416,256. Önnur einkaleyfi eru skráð eða skráning þeirra yfirvofandi í hinum ýmsu löndum um allan heim. Vinsamlegast farið inn á síðuna [www.rim.net/patents.shtml](http://www.rim.net/patents.shtml) til að nálgast uppfærðan lista af viðeigandi einkaleyfum.